

Alþingi  
Erindi nr. P 139/37

komudagur 29.10.2010

## Minnispunktur

## Efni: Fjárlagafrumvarp 2011

Milli fjárlaga 2010 og fjárlagafrumvarps 2011 breytast útgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis sem hér sýnir:

## Hagræn skipting:

Tafla 1	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting m.kr.	Breyting %	Hlut- fallsleg skipting 2011
Rekstrargjöld	26.296	25.574	-722	-2,7%	21%
Neyslu- og rekstrartilfærslur	99.749	93.341	-6.408	-6,4%	77%
Stofnkostnaður	2.783	2.560	-223	-8,0%	2%
<b>Samtals</b>	<b>128.828</b>	<b>121.476</b>	<b>-7.352</b>	<b>-5,7%</b>	<b>100%</b>

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru áætlaðar 77% af útgjöldum ráðuneytisins. Þar undir falla bætur almannatrygginga, atvinnuleysisbætur, greiðslur í fæðingarorlofi og fl.

Rekstrargjöld eru 21% af áætluðum útgjöldum ráðuneytisins. Framlög til tveggja málaflokka, þ.e. málefna aldraðra og málefna fatlaðra, eru samtals 21.900 m.kr. eða 86% af rekstrarútgjöldunum. Rekstrarútgjöld annarra málaflokka eru 3.674 m.kr. eða 14% af útgjöldunum.

Til stofnkostnaðar teljast framlög til framkvæmdasjóða aldraðra og fatlaðra, og framlög til niðurgreiðslu vaxta af lánum til félagslegra leigubúða.

## Skipting eftir málaflokkum ráðuneytisins:

Tafla 2	Fjárlög 2010 m.kr.	Frumvarp 2011 m.kr.	Breyting m.kr.	Breyting %	Hlut- fallsleg skipting 2011
Ráðuneyti	481	483	2	0,4%	0,4%
Húnsæðismál	466	266	-200	-42,9%	0,2%
Stjórnsýslustofnanir	566	1.057	491	86,8%	0,9%
Málefni barna	964	931	-34	-3,5%	0,8%
Málefni fatlaðra	11.171	10.724	-447	-4,0%	8,8%
Vinnumál	39.985	36.109	-3.876	-9,7%	29,7%
Almannatryggingar	60.374	57.625	-2.748	-4,6%	47,4%
Annað	566	416	-150	-26,5%	0,3%
Málefni aldraðra	14.256	13.866	-391	-2,7%	11,4%
	128.828	121.476	-7.352	-5,7%	100%

Framlög til vinnumála og almannatrygginga eru samtals 77% af áætluðum útgjöldum ráðuneytisins. Með málefnum aldraðra og fatlaðra verður hlutfall þessara fjögurra málaflokka 97,4% af útgjöldunum.

## Breyting á útgjöldum ráðuneytisins milli ára skiptist með eftirfarandi hætti eftir tilefnum:

Útgjaldabreytingar	m.kr.
Aðhaldsaðgerðir og hagræðing starfsemi	-3.863
Hagrænar og kerfislægar breytingar	-4.236
Nýjar útgjaldaskuldbindingar	496
Niðurfelld starfsemi og millifærslur	-186
<b>Alls útgjaldabreytingar</b>	<b>-7.788</b>
Launa- og verðlagsbætur	436
	-7.352

### Aðhaldsaðgerðir og hagræðing starfsemi

Alls lækka útgjöld ráðuneytisins um 3.863 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett um jöfnuð í ríkisfjármálum. Fjárhæðin svarar til þess að vera 3% af fjárlögum ársins 2010.

**A.** Af fjárhæðinni eru 1.663 m.kr. sem falla undir aðhaldsaðgerðir í rekstri, rekstrartilfærslum og stofnkostnaði. Ríkisstjórnin setti markmið um 9% samdrátt í rekstri stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana, 7,5% hjá háskólum og 5% hjá velferðarstofnunum. Langflestar stofnanir ráðuneytisins falla undir velferðarstofnanir og sæta því 5% skerðingu. Útgjaldalækkunin nemur um 5,4% af rekstrarveltu ársins 2010 að meðtöldum stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunum. Á vormánuðum 2010 kallaði ráðuneytið eftir tillögum frá stofnunum um lækkingu útgjalda með greinargerð um áhrif þess á þjónustu og verkefni þeirra. Við útfærslu á tillögum um sparnað í rekstri í frumvarpi 2011 var m.a. byggt á þessum tillögum.

**B.** Með sértækum aðgerðum er stefnt að lækkingu útgjalda um 2.200 m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu er þessari fjárhæð skipt á fæðingarorlofsjóð (1.000 m.kr.), atvinnuleysistryggingasjóð (500 m.kr.) og lífeyristryggingar (700 m.kr.). Í ráðuneytinu er unnið að gerð tillagna um aðgerðir sem ráðast þarf í til að ná fram þessari lækkingu útgjalda. Þær tillögur verða kynntar samhliða umfjöllun um fjárlagafrumvarpið hjá nefndum Alþingis.

### Hagrænar og kerfislægar breytingar

Um er að ræða breytingar á útgjöldum af hagrænum ástæðum svo sem vegna minnkandi atvinnuleysis og minni fjárþarfar til bótaflokka almannatrygginga.

**A.** Áætlað er að útgjöld til vinnumála lækki um 2.246 m.kr. Þar af skýrast 2.100 m.kr. af minna atvinnuleysi. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði 8,3% á árinu 2011. Í forsendum fjárlaga 2010 var á hinn bóginn reiknað með 9,6% atvinnuleysi.

**B.** Gert er ráð fyrir að útgjöld til almannatrygginga lækki um 1.990 m.kr. Þessi fjárhæð er samsett úr tveimur fjárhæðum: Annars vegar er reiknað með að útgjöld til bótaflokka TR lækki um 3.030 m.kr. vegna endurmats á útgjöldum 2010. Fjölgun bótaþega er minni en áætlað var og útgjöld hafa lækkað meira en gert var ráð fyrir í kjölfar lagabreytinga 2009. Hins vegar hækka útgjöldin um 1.040 m.kr. vegna 7-10% skerðingar lífeyrissjóða á greiðslum til lífeyrisþega.

### Nýjar og breyttar útgjaldaskuldbindingar

Um er að ræða ný útgjöld vegna stofnana og þjónustu. Af fjárhæðinni skýrast 500 m.kr. vegna rekstrar Umboðsmanns skuldara. Starfsemi stofnunarinnar er greidd af lánastofnunum með sérstöku gjaldi og hefur af þeim sökum ekki bein áhrif á afkomu ríkissjóðs. Ný verkefni og þjónusta á vegum aðalskrifstofu ráðuneytisins, málefna aldraðra og málefna fatlaðra nema samtals 196 m.kr. Þá lækka skuldbindingar vegna niðurgreiðslu á vöxtum til félagslegra leiguíbúða um 200 m.kr. vegna lækkunar á vöxtum. Áfram er miðað við að heimilt verði að lána til 150 leiguíbúða.

### Niðurfelld starfsemi og millifærslur

Niður falla fjárheimildir til nokkurra verkefna. Þar má nefna niðurfellingu á fjárheimild til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og tímabundins verkefnis á vegum Vinnumálastofnunar. Þá eru millifærðar 60 m.kr. til menntamálaráðuneytis vegna starfsmenntunar.

### Launa- og verðlagsbætur

Alls nema launa- og verðlagsbætur 436 m.kr. Þessi fjárhæð skiptist annars vegar í 164 m.kr. launabætur vegna lækkunar launa hjá þeim lægstlaunuðu sem tók gildi 1. júlí sl. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að breyting verði á launum starfsmanna á árinu 2011. Hins vegar er um að ræða 271 m.kr. hækkun á rekstrargjöldum öðrum en launum vegna verðbólguþróunar.

### Breytingar milli fjárlaga og frumvarps skv. útgjaldatílefnunum

Málaflokkur	Fjárlög 2010	Ákvarðanir ríkisstjórnar	Breyttar forsendur	Fjármagnað með ríkistekjum	Hagræðing starfsemi	Hagrænt eða kerfislægt	Launa- og verðlagsbætur	Millifært	Niðurfelt	Samningsbundið	Frumvarp 2011
Ráðuneyti	481	27	15		-47		7	0			483
Húnsæðismál	466		-200								266
Stjórnsýslustofnanir	566			500	-45		6	29			1.057
Málefni barna	964				-48		15				931
Málefni fatlaðra	11.171		65		-610		114	-34	-1	19	10.724
Vinnumál	39.985		75		-1.561	-2.246	13	-27	-130		36.109
Almannatryggingar	60.374	8			-786	-1.990	10	20	-10		57.625
Annað	566				-48		7	-49	-59		416
Málefni aldraðra	14.256		0	62	-718		265	0			13.866
<b>Alls</b>	<b>128.828</b>	<b>35</b>	<b>-45</b>	<b>562</b>	<b>-3.863</b>	<b>-4.236</b>	<b>436</b>	<b>-60</b>	<b>-201</b>	<b>19</b>	<b>121.476</b>

